

Siðareglur

Meginhlutverk Stapa lífeyrissjóðs er að móttaka iðgjöld, ávaxta þau, greiða út lífeyri og veita sjóðfélögum góða þjónustu. Starfsmenn og stjórn sjóðsins gera sér ljósa þá ábyrgð sem fylgir því að varsla fjármuni í eigu sjóðfélaga og úrskurða um réttindi þeirra. Til að sinna því hlutverki hefur stjórn sjóðsins samþykkt þessar reglur sem gilda fyrir starfsmenn og eftir atvikum stjórnarmenn. Siðareglur þessar lýsa þeim kröfum sem sjóðurinn gerir til starfsmanna sinna og stjórnarmanna í þessu efni en þær ber að skoða með öðrum reglum, verkferlum og starfslýsingum sem gilda um starfsemi sjóðsins.

1. Markmið reglnanna

Markmið siðareglna sjóðsins er að vera leiðbeinandi fyrir starfsmenn og eftir atvikum stjórnarmenn sjóðsins um góða starfshætti, heiðarleika og hlutlægni í störfum sínum fyrir sjóðinn. Þau atriði sem reglurnar tiltaka eru ekki tæmandi og er lítið til eðlis þeirra og tilgangs við mat á atvikum sem upp kunna að koma og ekki er sérstaklega getið í siðareglum.

2. Góðir starfshættir

Starfsmenn og stjórnarmenn skulu leggja rækt við starf sitt og stunda það af kostgæfni. Öll störf og athafnir þeirra skulu miða að því að vera Stapa og hagaðilum hans til framdráttar. Starfsmenn og stjórnarmenn skulu gæta þess að aðhafast ekkert það sem dregið getur í efa hæfni þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðinn eða skaðað ímynd hans innan sem utan vinnutíma. Í samskiptum sínum við hagaðila sjóðsins sýna starfsmenn og stjórnarmenn virðingu og sanngirni. Áreiti í garð samstarfsfólks á vinnustað er ekki liðið.

3. Hagsmunaárekstrar

Í störfum fyrir Stapa lífeyrissjóð geta starfsmenn eða stjórnarmenn lent í þeirri stöðu að þeirra viðskiptalegu eða eignalegu hagsmunir skarast við hagsmuni sjóðsins. Komi slíkt upp skulu hagsmunir sjóðsins hafðir í fyrirrúmi og mega starfsmenn eða stjórnarmenn ekki taka þátt í meðferð máls ef aðstæður er til þess fallnar að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa.

Starfsmaður eða stjórnarmaður skal jafnframt tilkynna yfirmanni eða stjórnarformanni og lögfræðingi sjóðsins ef að slíkur hagsmunaárekstur kemur upp eða er líklegur til að koma upp. Lögfræðingur sjóðsins og viðkomandi yfirmaður eða stjórnarformaður ákvarða hvort að grípa þurfi til ráðstafana vegna hagsmunaáreksturs, s.s. með hjásetu við afgreiðslu máls.

4. Starfstengdar ferðir og boðsferðir

Stjórnarmönnum og starfsmönnum lífeyrissjóðsins er óheimilt að þiggja boðsferðir af þjónustuaðilum eða öðrum viðskiptavinum sjóðsins. Boðsferðir eru til að mynda skemmtiferðir hvers konar, s.s. veiðiferðir, golfferðir, tónleikaferðir og ferðir á íþróttakappleiki.

Starfsmönnum og stjórnarmönnum heimilt að sækja kynningar um fjárfestingar eða fjárfestingarkosti, námskeið, ráðstefnur eða fundi, sem eru til þess fallnir að afla upplýsinga eða þekkingar sem koma að gagni við rekstur sjóðsins. Slíkir viðburðir verða að hafa skýran tilgang fyrir rekstur sjóðsins sem byggir á gögnum eða upplýsingum sem lagðar eru fram því til stuðnings. Krefjist slíkar kynningar ferðalaga skal sjóðurinn bera kostnað vegna ferða og gistingar nema annað sé sérstaklega ákveðið og heimild veitt til þess af framkvæmdastjóra eða eftir atvikum stjórn.

5. Gjafir og boð

Starfsmönnum og stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja gjafir af þjónustuaðilum Stapa. Frátaldir eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti sem teljast algengar í slíkum tilvikum og verða því ekki taldir til hlunninda. Ef starfsmaður eða stjórnarmaður er í vafa hvort honum er heimilt að þiggja gjöf skal hann leita álits lögfræðings sjóðsins.

6. Meðferð trúnaðarupplýsinga

Starfsmenn og stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið er af starfi.

7. Samfélagsleg ábyrgð

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur markað þá stefnu að mikilvægi samfélagslegs hlutverks sjóðsins sé haft að leiðarljósi í allri starfsemi hans.

Sjóðurinn gerir kröfu til þess að fyrirtæki, sem sjóðurinn fjárfestir í, sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum, umhverfinu og að starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Við mat á starfsháttum fyrirtækja horfir sjóðurinn m.a. til aðstæðna á markaði, laga og almennt viðurkenndra reglna og gilda.

8. Önnur störf

Starfsmenn mega ekki reka atvinnustarfsemi samhliða störfum sínum fyrir sjóðinn eða taka að sér launað starf utan sjóðsins nema með leyfi framkvæmdastjóra. Þá er starfsmönnum óheimilt að sitja í stjórnnum fyrirtækja eða stofnana nema með leyfi framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar sjóðsins sbr. 6. mgr. 31. gr. laga 129/1997.

Starfsmönnum er óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart lífeyrissjóðnum.

Lögfræðingi sjóðsins skal tilkynnt skriflega um leyfi sem veitt hafa verið sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

9. Brot og ákvörðun um vafaatriði

Starfsmenn eða stjórnarmenn sem verða vitni að atvikum sem ætla má að brjóti gegn siðareglumeða öðrum starfsreglum sjóðsins ber að tilkynna það til lögfræðings sjóðsins eða framkvæmdastjóra í forföllum hans. Tilkynna ber um slík brot hvort sem þau má rekja til gáleysis eða ásetnings. Sé brotið talið varða þessa aðila skal tilkynna það til formanns stjórnar sjóðsins. Yfirmenn skulu halda trúnað um tilkynningu starfsmanna á brotum.

Brot á siðareglum sjóðsins eru litin alvarlegum augum. Í tilviki starfsmanna geta viðurlög við brotum verið aðvörðun, áminning og jafnvel brottrekstur ef um gróft brot er að ræða.

Lögfræðingur sjóðsins skal úrskurða um vafaatriði vegna framkvæmdar reglna þessara. Framkvæmdastjóri og lögfræðingur sjóðsins ákvarða viðurlög við brotum starfsmanna á reglunum. Lögfræðingur sjóðsins skal tilkynna brot stjórnarmanna á reglum þessum til stjórnar.

10. Breytingar og endurskoðun á reglunum

Stjórn sjóðsins getur gert breytingar á siðareglum þessum. Til breytinga á reglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar. Stjórn skal, a.m.k. árlega, endurskoða og yfirlara efni siðareglanna með tilliti til þess hvort ástæða sé til breytinga á þeim.

Akureyri, 28. apríl 2020

Endurskoðað og yfirlarið 19. september 2022

Endurskoðað og yfirlarið 24. nóvember 2023

Endurskoðað, uppfært og yfirlarið 25. október 2024